



Fundargerð

398. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 8. september 2016 kl. 18.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt samhljóða að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 397. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 25. ágúst 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Mennta- og menningarmálanefnd 6. september 2016.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1609004 – Skólaakstur – fjölgun nemenda í Gufudalssveit.

Sveitarstjóra falið að semja við bílstjóra á leiðinni Gufudalur-Reykhólar um stækkun á skólabifreið. Samþykkt samhljóða.

2.2 1609005 – Útleiga á Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

2.3 1608013 – Skólaakstur leikskólabarna í Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða. Öllum börnum tveggja ára og eldri sem sækja leikskóladeild Reykhólaskóla verði boðið upp á skólaakstur.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

3. Stjórn Barmahlíðar 8. september 2016.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

Mál til afgreiðslu

1. 1609006 – Prókúra fyrir skrifstofustjóra og umboð til að tengjast heimabanka.

Guðrún Guðmundsdóttir er ráðin skrifstofustjóri í forföllum Ágústar Más Gröndals til 30. september 2017.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Guðrúnu Guðmundsdóttur prókúru á reikninga sveitarfélagsins og aðgang að netbanka. Samþykkt samhljóða.

2. 1609007 – Fjárhagsáætlun 2017-2020.

Rammaáætlun fyrir árið 2017.

Farið yfir rammaáætlun og forsendur fyrir áætlunargerð fyrir árið 2017.

Mál til kynningar

1. 1509004 – Jarðvarmi á Reykhólum – tillaga að kerfisbreytingu.

Frá Maríu Maack atvinnuþróunarfulltrúa 28. júní 2016.

Lagt fram.

2. Framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir.

Erindi frá Íbúðalánasjóði dagsett 13. júlí 2016 varðandi framkvæmd og veitingu stofnframlaga til almennra íbúða.

Lagt fram.

3. 1602008 – Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 9. ágúst og 29. ágúst 2016.

Lagt fram.

4. Ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.

Lagt fram.

5. Ársskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða 2015.

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

1. Fundargerð 4. fundar svæðisskipulagsnefndar Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1501010 - Deiliskipulag Tröllenda.

Farið yfir umsagnir sem bárust á auglýstum tíma. Athugasemd barst frá Minjavernd varðandi fornleifaskráningu. Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði fornleifaskráning fyrir deiliskipulag Tröllenda. Fjármögnun kr. 750.000, tekið af eigin fé sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20.
